Fullgild rafræn undirskrift
ÞORVALDUR GUÐJÓNSSON
2024-03-12 11:55:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 12. mars 2024
USK24030123

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

***Kynning á breytingum á Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2024***

Vinnuskóli Reykjavíkur verður starfræktur með breyttu sniði sumarið 2024 og ber þá helst að nefna 7 þætti sem taka breytingum:

1. Ný starfsáætlun
2. Endurskoðun verkefnalista
3. Endurskipulagning fræðslu
4. Nýtt skráningarkerfi
5. Skýrt og bætt samstarf við samstarfsaðila
6. Fræðsluhlutverk leiðbeinenda
7. Starfsþróun nemenda

**Ný starfsáætlun** tekur mið af gildum sviðsins og rammar inn starfsemi Vinnuskólans fyrir sumarið.

**Endurskoðun verkefnalista** í samvinnu við deildarstjóra garðyrkju stuðlar að auknu gagnsæi í verkefnum til nemenda, foreldra og annarra borgarbúa.

**Endurskipulagning fræðslu** til nemenda og leiðbeinenda leggur grunninn að aukinni vinnutengdri fræðslu til nemenda með lýðræðislegum aðferðum.

**Nýtt skráningarkerfi**, Vala – Vinnuskóli, er stafrænt umhverfi sem er foreldrum kunnugt og eykur það þjónustu og upplýsingaflæði til foreldra og nemenda.

**Skýrt og bætt samstarf við samstarfsaðila**, á borð við skóla, leikskóla, félagsmiðstöðvar, íþróttafélög, skáta, félagasamtök o.s.frv.

**Fræðsluhlutverk leiðbeinenda** taki mið af verkefnum hvers aldurshóps og starfsáætlun með vinnumiðaðri fræðslu.

**Starfsþróun nemenda** verði tilfinnanleg milli ára og að nemendur takist á við ný og spennandi verkefni og fræðslu á hverju ári.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Guðjónsson
Skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur